

Stjórnarfundur 24.11.21 kl. 16

Mættir: Óttar, Helga, Sigurður, Friðrik.

Gestur fundarins: Magnús Jóhannsson

Forföll: Gísli

1. Magnús Jóhannsson mætti á fundinn og sagði okkur frá pistlum frá Öldungadeild sem birtast í öðru hverju tölublaði Læknablaðsins, en hann hefur haft umsjón með þeim frá 2010. Magnús er tilbúinn til þess að sinna þessu áfram og er með efni í nokkur næstu tölublöð. Á heimasíðu Öldungadeildar var búið að setja núverandi ritara Öldungadeildar (HMÖ) í stað Magnúsar. Það var fljótræði og **verður lagað**. Pistlar þessir hafa oft fjallað um einhvers konar endurminningar en ekki hefur verið uppi nein sérstök stefna um efni þeirra.
2. **Desemberfundur** Öldungadeildar: Óttar Guðmundssonfjallar um Sturlungu. Dagseting ákveðin **15. desember**, þar sem fyrsta miðvikudag mánaðarins ber uppá 1. desember og í gildi eru strangar sóttvarnareglur til 12. desember. Reyndar er alls óvíst að mikið verði slakað á fyrir 15, en það má vona. **Ef hámarksfjöldi á samkomum verður þá enn 50, þarf að hlíta því og láta menn skrá sig.**
3. Janúarfundur Öldungadeildar verður að öllu forfallalaus miðvikudaginn 5. janúar. Tillaga um **Ásdísi Höllu Bragadóttur** að fjalla um efni nýjustu bókar sinnar, Moritz Halldórsson, lækni. **ÓG hefur samband**. Ýmsar aðrar hugmyndir komu fram, m.a. um Gunnlaug Björnsson sem hefur nýlega þýtt forvitnilega japanska bók.
4. Ferðir: undirbúningur er hafinn að áætlaðri utanlandsferð Öldungadeildar á slóðir Freuds og Semmelweiss í Vínarborg og Budapest með viðkomu í Bratislava í september/október 2022. Þar sem Sturlunguferðin þótti takast afburðavel er stemning fyrir að efna aftur til innanlandsferðar næsta sumar. Tvær hugmyndir ræddar: Borgarfjörður með gistingu á Húsafelli eða í Reykholti, eða Rangárþing með gistingu í Landhotel. **ÓG kannar fyrst Húsafell.**

Fundi slitið 18:30

HMÖ